Nd. 574. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. virðist frv. það, er fyrir liggur, fara í öfuga átt við það, er vera ætti, hvort heldur miðað er við hagsmuni ríkissjóðs eða síldarframleiðenda.

Minni hl. getur því ekki fallist á frv., en mun hinsvegar eiga þátt í flutningi á breytingartillögum við það, sem stuðla að rjettlátara og eðlilegra fyrirkomulagi á síldarverkun og síldarsölu en því, er hjer liggur fyrir.

Alþingi, 8. maí 1929.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.    Ólafur Thors.